

**1. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 6. júlí 2022
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jónas Snæbjörnsson (JS), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Fyrsti fundur nýrrar Umhverfis- og byggingarnefndar á nýju kjörtímabili.

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því 1. fund lögmætan.

Anna Kristín Gylfadóttir sat fundinn í forföllum Aðalsteins Magnússonar.

Dagskrá:

1. Varaformaður Umhverfis- og byggingarnefndar - 2207030

Kjör varaformanns Umhverfis- og byggingarnefndar.

Samþykkt samhljóða að Jónas Snæbjörnsson verði varaformaður Umhverfis- og byggingarnefndar.

2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069

Á 593. fundi sveitarstjórnar þann 23.06.2022 voru lagðar fram tillögur að erindisbréfum nefnda. Sveitarstjórn vísaði erindisbréfunum til nefnda til umsagnar.

Lagt fram drög að erindisbréfi fyrir Umhverfis- og byggingarnefnd dags. 13.06.2022.

Rætt. Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu erindisbréfsins til næsta fundar nefndarinnar.

3. Starfsáætlun Umhverfis- og byggingarnefndar - 2207031

Starfsáætlun Umhverfis- og byggingarnefndar til vors 2023.

Samþykkt samhljóða að fundir nefndarinnar verði að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, þriðja miðvikudag mánaðarins kl. 17:00. Næsti fundur nefndarinnar fer fram miðvikudaginn 17. ágúst.

4. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Á 593. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps þann 23.06.2022 var strandsvæðaskipulagi Vestfjarða vísað til umsagnar nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða að fresta umfjöllun til næsta fundar nefndarinnar.

5. Stöðuleyfi fyrir malbikunarstöð - 2207001

Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 30. júní 2022 frá Hafsteini Elíassyni f.h. Colas þar sem

1. fundur
24.08.2022

óskað er eftir stöðuleyfi fyrir malbikunarstöð á landi Arctic Fish í botni Tálknafjarðar.
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi fyrir malbikunarstöð á landi Arctic Fish í botni Tálknafjarðar með vísan í grein 2.6.1 í byggingareglugerð með fyrirvara um að nánari gögn berist frá umsækjanda varðandi staðetningu og samþykki landeiganda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:36.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)